

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgjörð á fram að ganga á ábyrgð gjörð-
arbeiðanda.

Málskostnaðarkrafa gjörðarþola er eigi tekin til greina.

Mánudaginn 25. marz 1957.

Nr. 183/1953. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

Henri Devriendt (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Torfi Jóhannsson bæjar-
fógeti og samdómendurnir Páll Þorbjarnarson og Þorsteinn
Jónsson.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið háð.
Álitsgerð hefur gefið í málinu Friðrik V. Ólafsson, skóla-
stjóri Stýrimannaskólans. Álitsgerð hefur og gefið Jos.
Legrand siglingafræðingur. Loks hafa dómkvaddir menn,
þeir Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari, Zophonías Páls-
son, skipulagsstjóri ríkisins, og Jóhannes Snorrason yfirflug-
stjóri, samið álitsgerð um málið.

Svo sem í héraðsdómi greinir, voru gerðar tvær staðar-
ákvarðanir yfir togara ákærða hinn 22. júlí 1953. Hin fyrri
var framkvæmd kl. 20,35. Flaug þá löggæzluvélin frá togar-
anum og til lands í miðinu Hofsfjall ber um Salthöfða, og
var um leið mældur tíminn, sem flugið tók frá togaranum
og upp að ströndinni. Reyndist staður togarans samkvæmt
því vera um 2 sm fyrir innan fiskveiðimörkin. Síðari stað-
arákvörðunin var gerð kl. 20,45. Var staður togarans þá
fundinn með tveimur staðarlínunum, miði og láréttri horn-
mælingu, en þessar tvær aðferðir eru taldar öruggar.

Sem mið notuðu gæzlumennirnir tvo þríhyrningamæli-
staði, Hofsfjall fyrir bakpunkt og Salthöfða fyrir forpunkt
miðsins. Þríhyrningamerkin (hátindana) bar eigi nákvæm-

lega saman, en hátindinn á Hofsfjalli bar um sjálfan Salthöfðann. Frá því gæzlumenn sáu fyrst togara ákærða í miðinu, hafði hann siglt suðaustlæga stefnu. Hefur nú Friðrik V. Ólafsson skólastjóri og svo hinir dómkvöddu menn markað á sjóuppdrætti staðarákvörðun togarans á tvennan hátt, í fyrsta lagi þannig, að hátindana ber saman í miðinu og í öðru lagi þannig, að hátindinn á Hofsfjalli beri um austurrætur Salthöfða, en það verður að telja yztu takmörk miðsins. Milli þessara tveggja staða hlýtur skipið samkvæmt mælingu gæzlumanna hafa verið statt kl. 20,45. Samkvæmt afmörkun Friðriks V. Ólafssonar skólastjóra er fyrrnefndi staðurinn 1,5 sm og hinn síðari 1,1 sm innan við fiskveiðimörkin, og samkvæmt afmörkun hinna dómkvöddu manna er fyrrnefndi staðurinn 2,0 sm og hinn síðari 1,4 sm innan fiskveiðimarkanna. Hinir dómkvöddu menn telja mismun þann, sem er á afmörkun þeirra og skólastjórans, stafa sennilega af mismunandi gerð sjókorta.

Bæði skólastjórinn og hinir dómkvöddu menn telja, að staðarákvörðunin, sem gerð var með flugi til strandarinnar kl. 20,35, styðji niðurstöðu mælinganna kl. 20,45, þótt aðferðin kl. 20,35 sé eigi eins traust og aðferðir þær, sem notaðar voru við staðarákvörðunina kl. 20,45.

Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að staðarákvarðanir löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi.

Þá er og sannað, að hann var þar að veiðum.

Ákærði hefur því gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þess, að eigi kemur til upptöku afla og veiðarfæra og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því héraðsdómur var uppkveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlacrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00 til hvors.

Það athugast, að réttara hefði verið af löggæzlumönnum að endurtaka staðarákvarðanirnar og skiptast á um að framkvæma þær.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Henri Devriendt, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmannna, kr. 8000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyjakaupstaðar 3. október 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 1. þ. m., höfðað gegn Henri Devriendt, fyrrverandi skipstjóra, nú stýrimanni í Ostende, fyrir meint brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum miðvikudaginn 22. júlí s.l., milli klukkan 20 og 21, út og austur af Ingólfshöfða, 1,3 sjómíllur innan fiskveiðimarkalínunnar, samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, og verði jafnframt dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Henri Devriendt, er fæddur í Ostende 8. maí 1928 og hefur ekki sætt kæru eða refsingu fyrir nokkurt brot hér á landi, svo kunnugt sé.

Á áliðnum degi, á þriðjudag hinn 29. f. m., bárust Landhelgisgæzlunni fréttir um, að togarinn Van Dyck, O. 298, myndi leita til hafnar í Vestmannaeyjum þá um daginn með veikan mann, er hann hefði um borð. Lét Landhelgisgæzlan á fimmta tímanum umræddan dag tilkynna lögreglustjóra, að togarans væri að vænta, og óskaði jafnframt eftir, að togarinn yrði kyrrsettur vegna 3ja óafgreiddra kæra, er lægju fyrir á togara þenna. Í samráði við Dómsmálaráðuneytið var síðan ákveðið að kyrrsetja skipið, ef

það kynni að leita hér hafnar. Kl. um 5 e. h. kom skipið á víkina og lagðist við bryggju kl. um 6 e. h. Var skipið þá þegar kyrrsett og skipstjóra tilkynnt, að réttarrannsókn yrði hafin út af kærur á nefnt skip vegna landhelgisbrota. Skipstjóri og stýrimaður komu fyrir dóm þá um kvöldið, og kom þá í ljós, samkvæmt frásögn þeirra, að engin dagbók var til um borð í skipinu. Hins vegar afhentu þeir skipshafnarskrá, er hófst 8. júní s.l., og sýndi hún, að frá þeim tíma og þangað til 5. ágúst hafði ákærði í máli þessu gegnt skipstjórn á skipinu, en nú gegndi hann stýrimannsstöðu. Hins vegar hafði skipstjórinn, Henricus Boeyden, gegnt stýrimannsstörfum, meðan ákærði var skipstjóri.

Ein af ákærum Landhelgisgæzlunnar snerist um landhelgisbrot, sem átti að hafa verið framið 22. júlí s.l., eða meðan ákærði var skipstjóri á skipinu, og skal hún nú rakin nánar.

Miðvikudaginn 22. júlí 1953, kl. 18.29, var farið í gæzluflug með flugvélinni TF-ISH, Gljáfaxa, frá Reykjavík. Með flugvélinni voru af hálfu Landhelgisgæzlunnar þeir Þórarinn Björnsson skipherra og Guðmundur Kjærnested stýrimaður. Flogið var austur með landi út og austur af Ingólfshöfða. Sást togari grunsamlega nærri landi. Kl. 20.35 var flogið yfir togarann, sem var að toga með stjórnborðsvörpu í sjó og hélt í suðaustlæga stefnu. Var hann í miðinu Hofsfjall \neq \triangle Salthöfða. Í þessu miði var flogið upp á land með 115 sjómílna hraða á klukkustund, og reyndist flugtíminn frá togaranum að fjöruborði 2 mínútur og 1 sekúnda, og gefur það stað togarans 2,0 sjómílnur innan fiskveiðitakmarkanna. Var nú snúið við og haldið aftur út að togaranum og eftirfarandi staðarákvörðun gerð kl. 20.45 yfir honum, en hann hélt svipaðri stefnu og áður.

Hofsfjall rétt laust við \triangle Salthöfða, og

Hofsfjall
Rákartindur, $> 41^{\circ} 43'$

og gefur þetta stað togarans 1,3 sjómílnur innan fiskveiðitakmarkanna.

Voru síðan nokkrar myndir teknar af togaranum.

Athuganirnar og mælingarnar voru gerðar af Guðmundi Kjærnested stýrimanni undir umsjá og með aðstoð Þórarins Björnssonar skipherra. Báðir hafa þeir komið fyrir dóm og staðfest ofanritaða skýrslu, og báðir tóku þeir fram fyrir dóminum, að þeir hafi auðveldlega greint númer togarans, og hafi það verið O. 298. Einnig hafa báðir staðfest það fyrir dómi, að þeir hafi séð togvíra togarans stjórnborðsmegin. Annað vitnið, Guðmundur Kjærnested, kvaðst hafa greint stafina NV á reyk háf skipsins.

Ákærði hélt því fram, að verið gæti, að hann hefði verið að veiðum á togaranum Van Dyck, O. 298, á þessum slóðum hinn 22. júlí s.l. Hins vegar neitaði hann því eindregið, að hann hafi verið að fiska með botnvörpu innan fiskveiðitakmarkanna. Og byggði hann það á ratsjarmælingum sínum, er hefðu sýnt, að hann hefði jafnan verið að toga utan landhelgi. Auk þess bendir ákærði á, að milli staðarins, sem flugvélin athugaði kl. 20,35, og staðarins, sem hún athugaði kl. 20,45, sé 9/10 hluti úr sjómílu, en skip sitt gangi í hæsta lagi 4 sjómíllur á klukkustund undir togi, og geti það því ekki farið þessa vegalengd á 10 mínútum, hafi það verið að toga. Hjóti þarafleiðandi, að um annað skip hafi verið að ræða, er flugvélin hafði séð. Tvær af myndunum úr flugvélinni lágu frammi í réttinum og voru sýndar ákærða, og kvaðst hann ekki þekkja skipið og tók fram, að mörg skip væru af líkri gerð. Kvaðst hann einnig ekki sjá neina upphafsstafi á myndunum.

Að gefnu tilefni tók ákærði fram, að engin dagbók væri um borð í skipinu frá þessum tíma.

Núverandi skipstjóri, Henricus Boeyden, sem hafði verið stýrimaður skipsins hinn 22. júlí, kom fyrir dóm sem vitni. Aðspurður kvaðst hann fyrst ekki muna, hvar skipið hefði verið statt þenna dag, en síðar, eftir að hafa skoðað sjókort, taldi hann, að skipið hefði verið statt útundan Alviðru, en síðar kvaðst hann ekki viss um, að hann hefði verið á þeim stað þenna dag. Honum voru sýndar myndirnar af skipinu, og sagði hann, að þær væru af skipi af sömu gerð og sitt skip, en lét þess jafnframt getið, að mörg skip væru til af sömu gerð. Vitnisburð sinn vildi hann ekki staðfesta með eiði.

Vélstjóri skipsins, André Schallier, kom einnig fyrir dóm. Hann kvaðst hafa verið vélstjóri á togaranum 22. júlí s.l. Upplýsti hann, að samkvæmt véladagbók skipsins, sem lá frammi í réttinum, að hinn 22. júlí s.l. hefði verið togað í 23 tíma og 1 tíma legið kyrrt. Honum voru sýndar myndirnar, sem flugvélin tók af togaranum, og kveður hann myndirnar vera af skipi af sömu gerð og Van Dyck, en útgerðarfélag þeirra eigi 4 slík skip, og fleiri af sömu gerð væru til í Englandi. Hann sagði, að skipið gengi 12 sjómíllur á klukkustund, er það væri laust, en um toghraða vissi hann ekki, og tók fram, að honum réði skipstjórinn.

Samkvæmt því, sem að framan segir, hafa tvö vitni, sem bæði eru starfsmenn Landhelgisgæzlunnar, borið það, að þau hafi séð greinilega umdæmisbókstafi togarans, og hafi þeir verið O. 298, og virðist þar með sannað, að um skip ákærða var að ræða, enda

hefur hann ekki mótmælt því, að skip sitt hafi verið á veiðum á þessum slóðum, þótt hann hins vegar hafi haldið því fram, að skipið hafi áreiðanlega verið utan fiskveiðitakmarkanna. Framburður umræddra vitna er einnig styrktur með myndunum, sem fyrir liggja af skipinu. Bæði þessi vitni báru það einnig, að togarinn hafi verið að botnvörpuveiðum, og hafi þau séð togvírana stjórnborðsmegin. Engin ástæða sýnist til að véfengja framburð þeirra að þessu leyti. Mælingarnar, sem staðarákvarðanirnar eru byggðar á, voru framkvæmdar af vönnum mönnum, en ljóst er, að fyrri staðurinn er ekki jafnnákvæmur og sá síðari, þar eð fyrri staðurinn er ákveðinn af flughraða og klukku, en sá síðari með miði og horni, mældu með sextant, og verður hann að teljast örugg staðarákvörðun.

Með hliðsjón til framanritaðs verður að telja sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum á togaranum Van Dyck, O. 298, miðvikudaginn 22. júlí s.l. innan fiskveiðitakmarkanna. Hefur hann þar með brotið gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952. Togarinn Van Dyck, O. 298, er að stærð 567,87 rúmlestir brúttó. Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 pappírskrónum. Þykir refsing ákærða samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, hæfilega ákveðin 80.000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er greiðast skal innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi ella í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 400.00 til skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar lögfræðings.

Dómsorð:

Ákærði, Henri Devriendt, greiði kr. 80.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa og sæti ella 7 mánaða varðhaldi.

Svo greiði og ákærði allan kostnað sakarinnar, og þar á meðal málsvarnarlaun, kr. 400.00, til skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar lögfræðings.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.